

Mættir:

- Þorsteinn Gunnarsson (bæjarskrifstofa) - Formaður
- Daníel Júlíusson (grunnskóli)
- Fríða Egilsdóttir (leikskóli)
- Lóa Björg Björnsdóttir (leikskóli)
- Halldóra Halldórsdóttir (grunnskóli)

Snorri Viðar Kristinsson (íþróttamiðstöð), Jón Björn Sigurgeirsson (þjónustumiðstöð) og Arnfinnur Antonsson (höfnin) voru fjarverandi. Sambýli/Miðgarður eiga eftir að tilnefna nýjan fulltrúa. Gestir fundarins voru Ásmundur Jónsson slökkviliðsstjóri og Gunnar Baldursson sjúkraflutningamaður.

Dagskrá:

1. Vinnuverndarmappa

Laut, Hópsskóli og Sambýli hafa lokið sínum möppum. Aðrar í vinnslu.

2. Áhættumat stofnana

Fulltrúi grunnskólans við Ásabraut tekur að sér að vinna áhættumat fyrir stofnunina. Nýr umsjónarmaður opinna og grænna svæða tekur að sér að gera áhættumat fyrir Vinnuskólann.

3. Viðbragðsáætlanir – flóttaleiðir

Að sögn slökkviliðsstjóra er búið að fullvinna viðbragðsáætlanir fyrir grunnskóla og leikskóla, Miðgarður og Túngata eru á lokametrinum. Hefur slökkviliðsstjóri sent ítrekanir á aðrar stofnanir. Verið er að útbúa upplýsingablöð sem fara á vegg í öllum stofum í grunnskólanum um flóttaleiðir. Hvatt til þess að sami aðili verði fenginn til þess að gera úttekt í öðrum stofnunum bæjarins með slíka skráningu, ekki síst í nýrri íþróttamiðstöð.

5. Hjartastuðtæki

Í framhaldi af umræðum á síðasta fundi Vinnuverndarnefndar um hjartastuðtæki og að bærinn þyrfti að móta sér stefnu í þeim málum, mætti Gunnar Baldursson sjúkraflutningamaður.

Grindavíkurbær hefur fengið 3 hjartastuðtæki að gjöf undanfarin ár. Tvö þeirra eru af sömu tegund eða Zoll sem þykja einföld í notkun og hafa náð mestri útbreiðslu. Þau eru geymd í íþróttahúsi, sundlaug og við knattspyrnuvöllinn. Hefur einu sinni þurft að grípa til þeirra og björguðu þau án nokkurs vafa mannlífi. Hvert tæki kostar í dag 270 þúsund krónur. Þá er hægt að kaupa kaup skáp fyrir tækið sem kostar um 50 þúsund krónur.

Vinnuverndarnefnd leggur fram eftirfarandi tillögu við bæjarráð til að hafa til hliðsjónar við gerð næstu fjárhagsáætlunar:

Hjartavæðum Grindavík

Starfsemi Grindavíkurbæjar gengur fyrst og fremst út á það að þjónusta fólk á öllum aldri hvort sem það tengist skólastofnunum, frístundum, menningu, atvinnulífi og fleira. Stefna Grindavíkurbæjar er

27. janúar 2015 á bæjarskrifstofunum

að setja öryggið á oddinn þegar kemur að heilsu fólks, hvort sem um er að ræða starfsfólk eða þeir sem nýta sér þjónustu bæjarins.

Grindavíkurbær samþykktir að hjartastuðtæki verði komnar í allar stofnanir Grindavíkurbæjar í árslok 2020, í þessari röð: Miðgarður, Grunnskóli Grindavíkur við Ásabraut og Hópsskóla, Leikskólinn Laut, bæjarskrifstofur/skólaskrifstofa, Grindavíkurhöfn, þjónustumiðstöð og tjaldsvæðið.

- Grindavíkurbær bjóði starfsfólki sínu upp á námskeið í skyndihjálpi meðhöndlun hjartastuðtækja með reglubundnum hætti.
- Fræðsla verði í Grunnskóla Grindavíkur um skyndihjálpi fyrir nemendur, á hverju skólaári.

6. Vinnuverndarnámskeið

Vinnuvernd býður upp á námskeið fyrir vinnuverndarfulltrúa 3. og 4. febrúar. Grunnskólinn sendir Daníel á námskeiðið.

7. Önnur mál

Samþykkt að leitast eftir því við þrjár stofnanir að tilnefna nýja fulltrúa í Vinnuverndarnefnd.

Næsti fundur eftir 6 vikur.

Fleira ekki bókað. Fundi slitið kl. 16:00.